

Þriðjudagur 23. mars 1982.

Nr. 211/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson,
settur vararíkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Aðalsteinssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 15. desember 1981, en málinu er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 17. febrúar 1982.

Af hendi ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er varðar sakfellingu og sakarkostnað, en þess er jafnframt krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

Ákærði hefur gengist við sakargiftum, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, en þær fá einnig stoð í öðrum sakargögnum. Héraðsdómari hefur því réttilega sakfelld hann fyrir brot þau, er ákæruskjal lýtur að, og er atferli hans fært til réttra refsíákvæða í héraðsdóminum, þó svo, að vitnun í 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á ekki við, þar sem eigi er ítrekunarákvæði í lögum nr. 65/1974.

Ákærði sætti hinn 9. janúar 1981 3.500 króna sekt með dómssátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum vegna brota á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Voru brot þessi framin í júlí og september 1978. Þá sætti hann 6 mánaða fangelsi með dómi bæjarþings Kaupmannahafnar hinn 30. apríl 1981 vegna smygls á 282.6 grömmum af blöndu af amfetamíni og „amfepramon“ svo og 0.8 grömmum af kókaíni og 0.5 grömmum af hassi til Danmerkur hinn 19. mars 1981.

Enn fremur sætti hann árin 1978 og 1979 sekt tvívegis fyrir brot á umferðarlögum nr. 40/1968 og á árinu 1979 sekt fyrir „brot gegn 60. og 61. gr. tolllaga“. Ber að ákveða refsingu ákærða samkvæmt refsíákvæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og með vísan til 1. mgr. 5. töluliðs og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga og enn með vísan til 2. mgr. 49. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 101/1976, 4. gr. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi og að auki 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga fangelsi í stað hennar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, sæti 5 mánaða fangelsi og að auki 4.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 20. mars 1981.

Ár 1981, föstudaginn 20. mars, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við

undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 804/1981: Ákærvaldið gegn Kristjáni Aðalsteinssyni.

Málið, sem dómtekið var í dag, er af ríkissaksóknara höfðað með ákæru, útg. 30. desember 1980, á hendur Kristjáni Aðalsteinsyni, Búlandi 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. nóvember 1957, fyrir að „hafa um miðjan september 1978 í félagi við Pétur Blöndal Gíslason og Árna Hrafnsson keypt um 3 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, þar sem þeir afhentu Halldóri Lárusi Péturssyni efnið, en hann hafði lagt fram fé til kaupanna. Hinn 23. s. m. flutt 90 gr af hassi með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn og sama dag mótttekið um 1.4—1.6 kg af fyrrgreinda hassefninu hjá Margréti Maríu Einarsdóttur að Grensásvegi 52 í Reykjavík, en efnið hafði Margrét María flutt hingað til lands samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans, og afhenti ákærði henni 80 gr af efninu fyrir flutninginn. Ákærði seldi ótilgreindum manni í Reykjavík 30 gr af efninu á kr. 3.500 hvert gramm, hafði 90 gr til eigin nota og kom eftirstöðvunum í geymslu að Vesturgötu 63 í Reykjavík fyrir nefndan Halldór Lárus, en lögreglan lagði hald á um 1260 gr efnisins 24. október 1978.“

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo: „Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. t.l. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar meðferð ákærða á því ofangreinda hassefni, sem barst eigi hingað til lands.“

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur 4. nóv. 1957 í Reykjavík. Hann hefur sætt refsingum fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf, nánar:

1976 21/7 í Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 26.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglug. nr. 390/1974.

1977 6/10 í Reykjavík: Sátt, 192.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglug. nr. 390/1974, sbr. og 71. gr. hegningarl.

Málsatvik.

Ákærði var yfirheyrður um sakaratriði í ákæru hjá lögreglu í Reykjavík 25. október 1978, hér í dómi sama dag og daginn eftir. Var þetta liður í mjög viðamikilli rannsókn, er hófst þá um haustið og stóð langt fram á næsta ár. Sættu margir aðiljar gæsluvarð-

haldi vegna rannsóknarinnar, og voru hundruð aðilja viðriðnir málið með ýmsum hætti.

Ákærði lýsti í nefndum yfirreyslum dvöl sinni ásamt nafngreindum kunningjum íslenskum í svonefndu Christianiuhverfi í Kaupmannahöfn og samskiptum sínum við aðilja þar dveljandi, er fengust við verslun með fíkniefni. Ákærði lýsti síðan aðdraganda að för sinni frá Kaupmannahöfn til Amsterdam í september 1978 ásamt þeim Péttri Blöndal Gíslasyni og Árna Hrafnssyni til hasskaupa fyrir Halldór Lárus Pétursson. Hafi nefndur Halldór Lárus tekið bílaleigubifreið til farar og greitt annan kostnað af ferðinni og alfarið fjármagnað efniskaup. Ákærði kvað þá þremmenninga hafa lagt af stað í nefndri bílaleigubifreið til Amsterdam í annarri viku septembermánaðar.

Ákærði kvaðst hafa ekið, Árni áður nefndur annast vörslur fjárins, er Halldór Lárus afhenti þeim til fíkniefnakaupanna, en er til Amsterdam kom, hafi Pétur Blöndal annast kaup á 3 kg af hassi af svonefndri Líbanontegund. Efnið hafi þeir síðan flutt í nefndri bifreið til Kaupmannahafnar, þar sem þeir hafi afhent Halldóri Lárusi óskipt ofangreint hassmagn. Ákærði kvað þá þremmenninga hafa átt að fá 100 gr hver af hassinu fyrir kaup og flutning efnis. Hafi verið ráðgert að flytja hassið hingað til lands og flutning átt að annast eiginkona Halldórs Lárusar, Margrét María Einarsdóttir. Kvað ákærði umsamið milli sín og Halldórs Lárusar, að hann fengi sinn efnishlut eftir komu þess hingað til lands, en tæki þá jafnframt við efni Halldórs Lárusar frá nefndri Margréti Maríu og geymdi, uns Halldór Lárus kæmi sjálfur hingað til lands.

Eftir komu þeirra þremmenninga með greind 3 kg af hassi til Kaupmannahafnar og afhendingu þeirra til Halldórs Lárusar kvað ákærði þá ásamt Halldóri Lárusi hafa leigt tvö herbergi á hóteli við Nýhöfn, líklega hótél Corona. Hafi ákærði og Pétur Blöndal búið í öðru herberginu, en Árni og Halldór Lárus í hinu. Hafi þeir tveir síðastnefndu ráðgert að selja eitthvað af hassinu í Kaupmannahöfn til þess að standa straum af hótélkostnaði, bílaleigubifreið og fleiru, en ekki kvaðst ákærði hafa tekið þátt í þeirri sölu.

Ákærði kvað Halldór Lárus hafa átt hugmyndina að því að fá Margréti Maríu til að flytja hassið hingað til lands, en hún hafi oft komið í heimsókn til þeirra á nefnt hótél við Nýhöfn. Ákærði kvaðst hafa aðstoðað við að ganga frá hassefnum fyrir flutning til Íslands. Hafi efnið verið í 200 gr böggjum og 8 slíkum verið

komið fyrir innan klæða á nefndri Margréti Maríu, áður en hún hélt flugleiðis hingað til lands.

Ákærði kvaðst hafa haldið hingað til lands flugleiðis 23. sept. og þá flutt með sér 90 gr af hassi í sinni eigu. Kvaðst ákærði hafa keypt 1 gr. af kókaíni af Franklín Kristni Steiner í Kaupmannahöfn og skipt því fyrir ofangreind 90 gr af hassi hjá götusala þar í borg.

Að kvöldi 23. september við komu til Reykjavíkur kvaðst ákærði hafa haldið á heimili Margrétar Maríu við Grensásveg 52 og hjá henni mótttekið plastpoka með 7 200 gr böggjum af hassi fyrrgreindu. Hafi hann afhent Margréti Maríu 80 gr af hassinu fyrir flutninginn, selt tilgreindum aðilja 30 gr af efninu á kr. 3.500 hvert gramm, haft 90 gr til eigin nota, en komið eftirstöðvunum í geymslu hjá frænda sínum, Hirti Hjartarsyni, að Vesturgötu 63 í Reykjavík. Vísaði ákærði síðar á hassefnið með aðstoð nefnds Hjartar, og reyndist þar um að ræða um 1260 gr af ætluðu hassefni, er lögregla lagði hald á.

Hjörtur Hjartarson, fæddur 13. nóvember 1957, var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 25. október 1978 og bar á sama veg og ákærði um móttöku ofangreinds hassefnis til geymslu fyrir ákærða. Kvaðst hann eftir handtöku ákærða hafa haldið með pakka með ofangreindu hassefni til systur sinnar, en vísaði síðan lögreglu á efnið.

Ofangreind Margrét María Einarsdóttir, fædd 15. nóvember 1957, var yfirheyrð hér í dómi 26. október 1978 og bar þá að hafa flutt hingað til lands þann 21. september það ár alls 1600 gr af hassi skv. beiðni Halldórs Lárusar Péturssonar, ákærða og annarra nafngreindra aðilja og hér á landi afhent ákærða ofangreint magn að undanskildum 80 gr, er hún fékk fyrir flutning.

Ofangreindur Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, lýsti hér í dómi 28. október 1978 og 19. júlí 1979 atvikum á sama veg og ákærði, en kvað keypt efnismagn 2.8—2.9 kg.

Ofangreindur Árni Hrafnsson, fæddur 27. desember 1958, var yfirheyrður hér í dómi 29. október 1978 og 16. maí 1979 og bar á sama veg og ákærði í meginatriðum. Þá bar Halldór Lárus Pétursson, fæddur 6. mars 1958, á sama veg hér í dómi 23. maí 1979.

Niðurstöður.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu viðurkennt alla þá háttsemi, er í þessum ákærulið greinir, og er sú játning studd framburðum annarra viðkomandi aðilja. Varðandi mótttekið efnismagn

frá nefndri Margréti Maríu þykir rétt að leggja til grundvallar, að það hafi verið 1400 gr. Þykir þannig sannað samkvæmt ofansögðu, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er réttilega í þessum ákærulið greinir, með ofangreindri athugasemd, nánar að hafa um miðjan september 1978 í félagi við Pétur Blöndal Gíslason og Árna Hrafnsson keypt um 3 kg af hassi í Amsterdam og flutt það til Kaupmannahafnar, þar sem þeir afhentu Halldóri Lárusi Péturssyni efnið, en hann hafði lagt fram fé til kaupanna. Hinn 23. s. m. flutt 90 gr af hassi með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn og sama dag mótttekið 1400 grömm af fyrstgreinda hassefninu hjá Margréti Maríu Einarsdóttur að Grensásvegi 52 í Reykjavík, en efnið hafði Margrét María flutt hingað til lands samkvæmt ráðagerðum ákærða og nefndra félaga hans, og afhenti ákærði henni 80 gr af efninu fyrir flutninginn. Ákærði seldi ótilgreindum manni í Reykjavík 30 gr af efninu á kr. 3.500 hvert gramm, hafði 90 gr til eigin nota og kom eftirstöðvunum í geymslu að Vesturgötu 63 í Reykjavík fyrir nefndan Halldór Lárus, en lögreglan lagði hald á um 1260 gr efnisins 24. október 1978.

Ofangreind háttsemi er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar meðferð ákæra á því ofangreinda hassefni, sem barst eigi hingað til lands.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Samkvæmt ofansögðu ber að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ber því samkvæmt ofansögðu að tiltaka refsingu ákærða með hliðsjón af 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ekki verður fallist á þá skoðun verjanda, að ákærði hafi einungis farið í nefnda Amsterdamför sem skemmtiferð, enda upplýst um þóknun hans fyrir þátt í nefndri för.

Með vísan til ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega metin fangelsi í 7 mánuði.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 1.800 til skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Aðalsteinsson, fæddur 4. nóvember 1957 í Reykjavík, sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 1.800 til skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 25. mars 1982.

Nr. 64/1982. **Páll S. Pálsson**
 gegn
dómsmálaráðherra.

Kærumál. Gjafvarnarlaun. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um frávísun máls staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp hinn 17. febrúar 1982 af stjórn Lögmannafélags Íslands, þeim Helga V. Jónssyni, Jóhanni Nielssyni, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, Kristni Björnssyni og Ólafi Axelssyni.

Sóknaraðili fékk vitneskju um uppsögu úrskurðarins 27. febrúar 1982 og kærði hann til Hæstaréttar 1. þ. m. samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61/1942. Bárust skjöl málsins Hæstarétti 12. þ. m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úrgildi felldur og stjórn Lögmannafélags Íslands dæmt skylt að kveða upp efnisúrskurð um þá kröfu, sem hann lagði fyrir hana til úrskurðar. Sérstök greinargerð til Hæstaréttar hefur ekki borist frá sóknaraðilja.

Greinargerð hefur ekki borist frá varnaraðilja. Hefur hann lýst yfir því við stjórn Lögmannafélags Íslands, að hann muni ekki láta kærana til sín taka.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.